

Umhverfisstofnun  
Áb. EE, HG, AS  
24 AUG. 2004  
40  
Tilv. US 20040600036

**Skýrsla um  
grænt bókhald  
fyrir árið 2003**

**URÐUNARSTAÐUR  
fyrir  
ÚRGANG**

**Glerárdalur  
Akureyri**

**Sorpeyðing Eyjafjarðar bs**

**Akureyri, ágúst 2004**

## Efnisyfirlit

<b>Yfirlýsing stjórnar .....</b>	<b>2</b>
<b>Áritun endurskoðenda .....</b>	<b>3</b>
<b>Almennar upplýsingar .....</b>	<b>4</b>
<b>Hráefnis- og auðlindanotkun.....</b>	<b>5</b>

## Yfirlýsing stjórnar

Hér birtist fyrsta skýrsla Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs. um grænt bókhald fyrir urðunarstað úrgangs á Glerárdal, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemin á urðunarstaðnum er einföld í sniðum. Hún felst í móttöku úrgangs, þjöppun hans og frágangi yfirlags. Ekki urðu teljandi breytingar á starfseminni á árinu frá því sem verið hefur.

Akureyri, 19 ágúst 2004

F.ð. Stjórn Sorpeyðingar Eyjafjarða bs.  
Ólaf Þórsson  
Stjórnsformannur

## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs. um grænt bókhald fyrir árið 2003. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum samlagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.


Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla samlagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur samlagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald samlagsins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna samlagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs. um grænt bókhald á árinu 2003 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 16. ágúst 2004.

  
KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

# Almennar upplýsingar

## Stjórn

Jakob Björnsson, formaður  
Jónas M Pétursson, varaformaður  
Bjarni Kristjánsson, ritari  
Helgi Jóhannsson  
Jóhannes Árnason

Framkvæmdastjóri er Guðmundur Guðlaugsson, verkfræðingur.

## Starfsleyfi

Urðunarstaðurinn á Glerárdal starfaði skv. starfsleyfi sem gefið var út árið 1999. Starfsleyfishafi var Sorpeyðing Eyjafjarðar bs., Geislagötu 9, 600 Akureyri. Það var gefið út af Hollustuvernd ríkisins og gildi til 1. desember 2003. Starfsleyfið gildi einnig fyrir brotamálmsmóttöku byggðasamlagsins í Krossanesi. Umsókn um endurnýjun starfsleyfisins var send Umhverfisstofnun 4. október 2003. Nýtt starfsleyfi hafði ekki verið gefið út í lok ársins.

Eftirlit með starfsemi er í höndum Hollustuverndar ríkisins.

Númer fyrirtækjaflokks, sbr. fylgiskjal með reglugerð um grænt bókhald, er 5.4.

Á árinu 2003 var gefin út reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003 og reglugerð um urðun úrgangs, nr. 738/2003. Í reglugerðunum eru gerðar mun strangari kröfur en áður til meðhöndlunar úrgangs. Frestur til að mæta hinum nýju kröfum er til ársins 2009. Ekki er gert ráð fyrir að þeim verði mætt á þessum stað, þar sem gert er ráð fyrir að honum verði lokað áður en fresturinn rennur út.

## Afmörkun starfseminnar

### Staðsetning

Urðunarstaðurinn er staðsettur í Glerárdal vestan Akureyrar.

### Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess

Stærð þess svæðis sem urðunarstaðurinn nær yfir er u.þ.b. 5 hektarar. Urðunarstaðnum fylgir bílavog og lítið viktahús.

Rekstrarkostnaður urðunarstaðarins var kr. 50.806 þús. árinu 2003. Reksturinn fór allur fram í verktöku. Starfsmenn urðunarstaðarins komu frá framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar, akstur yfirlagsefnis o.fl. var keyptur frá sama stað og sorptroðari var leigður af Suðurvirki ehf.

## Hráefnis- og auðlindanotkun

Móttaka úrgangs til urðunar nam 19.699 tonnum á árinu 2003. Árið á undan var tekið á móti 21.540 tonnum til urðunar. Á urðunarstaðinn barst ennfremur eftirfarandi til endurvinnslu og/eða flutnings (tonn):

lífrænn úrgangur til moltugerðar	1.524
timbur	804
hjólbardar	80
grjót/múrbrot	1.970

Frá brotamálmsmóttökunni í Krossanesi var flutt 3.415 tonn af brotamálmum.

### Aðföng

Þar sem allur rekstur urðunarstaðarins fer fram í verktöku eru nær engin aðföng keypt beint. Heildargreiðsla til Akureyrarbæjar vegna rekstrar urðunarstaðarins var kr. 24.623 kr. á árinu og leigugreiðslur vegna sorptroðara námu 5.375 þús. kr.

Af ofangreindri upphæð til Akureyrarbæjar var kr. 3.465 þús. vegna aksturs vörubifreiða, kr. 750 þús. vegna annars aksturs og vegna vélavinnu kr. 3.168 þús.

Magn aðfanga, s.s. díselolíu, smurolíu og hjólbarda, til urðunarstaðarins á árinu 2003 liggur ekki fyrir af framangreindum ástæðum, en ofangreindar kostnaðartölur gefa vísbendingu um magnið. Sandur var notaður sem yfirlagsefni á urðunarstaðnum. Af honum voru notuð 23.792 m<sup>3</sup>.

### Mælingar sigvatni frá urðunarstaðnum

Þann 16. október 2003 voru tekin sýni úr sigvatni frá urðunarstaðnum. Helstu niðurstöður efnagreininga þeirra (í yfirlalli) sjást í aftasta dálki töflunnar hér að neðan. Til samanburðar eru mælingar á sýnum teknum á sama stað haustið 2000:

	eining	mörk	2000	2003
súrefnisþörf (COD)	mg/l	200	190	194
ammóníak	mg/l	10	118	92,3
halógen sambönd (AOX), alls	µg/l	500	4	29
kvikasilfur	mg/l	0,05	0,007	<0,000005